

Borgarbyggð
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 30. október 2017
UST201709-047/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag, tillaga - Húsafell 3, Borgarbyggð

Vísað er til erindis umhverfis- skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 6. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis í landi Húsafalls 3 í Borgarbyggð.

Í inngangi kemur fram að ofangreint deiliskipulagssvæði nær yfir svæði fyrir verslun og þjónustu í landi Húsafalls 3 við Kaldadalsveg.

Staðhættir og náttúruminjar

Í umfjöllun um staðhætti kemur fram að ofangreint skipulagstillögusvæði er á sendnu svæði sem er umlukið birkikjarri til suðurs og austurs. Einnig kemur fram að svæðið liggar í kantinum á friðlystu svæði þar sem vex birkiskógor: Húsafellsskógor, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1974. Stærð 436,7 ha. Breyting á mörkum, augl. í stj.tíð. B, nr. 606/2001. Að sunnan og austan við svæðið er svæðið hverfisverndað birkikjarr. Sjálfst framkvæmdasvæðið er á svæði á nr. 206 náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að á slíku náttúruminjasvæði séu allar framkvæmdir felldar að landi og að forðast verði allt óþarfa rask.

Mannvirki og lóð

Í greinargerð kemur fram að leyfilegt byggingarmagn á lóð sé 700 m² og hæð bygginga verði ekki meiri en 6,2 m. Í umfjöllun um frágang lóðar kemur fram að erlendar plöntur til uppgræðslu við frágang séu ekki leyfðar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að einungis staðargróður verði nýttur við frágang og uppgræðslu á slíku náttúruminjasvæði.

Fráveita

Öll fráveita skal skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Aðkoma og bílastæði

Í greinargerð segir að afmarka skuli svæði undir bílastæði og að á lóðinni skuli gera ráð fyrir bílastæðum fyrir rútur, fjallatrukka og einkabíla og að leitast skuli við að hanna bílastæði fyrir löng ökutæki þannig að ekki þurfi að bakka út úr þeim. Að mati Umhverfisstofnunar væri heppilegt að sýna bílastæði á deiliskipulagsuppdrætti. Rútur og fjallatrukkar eru áberandi farartæki og því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að vel sé hugsað fyrir staðsetningu og niðurröðun bílastæða og einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að nýta t.d. birkigróður til að hólfra niður bílastæði og minnka þannig sjónræn áhrif þeirra.

Umhverfisskýrsla


Í umfjöllun um umhverfisáhrif ofangreindrar skipulagstillögu segir að áhrif á hinn friðlýsta birkiskóga séu óveruleg. Að mati Umhverfisstofnunar verða verulega neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins af áætluðum framkvæmdum. Framkvæmdirnar munu blasa við af Hvítárbrú þegar horft verður af henni í austur í átt til jöklanna. Umhverfisstofnun benti á mikilvægi þess að fjalla um fleiri kosti í umsögn um lýsingu tillögu að breyttu aðalskipulagi Borgarbyggðar þar sem landnotkun á svæðinu var breytt. Þeir kostir sem fjallað er um í aðalskipulagsbreytingu og ofangreindri tillögu að deiliskipulagi, er framkvæmdasvæði sem hér er til umfjöllunar og núll kostur. Fleiri kostir voru ekki skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að áætlað er að hafa fjallatrukka á deiliskipulagssvæðinu, og munu þeir flytja fólk að jökli og til baka á þjónustusvæðið. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að minnast á meðhöndlun eldsneytis og möguleg umhverfisáhrif af geymslu þess á svæðinu.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að skemmur og bílastæði fyrir rútur og trukka mun ekki fara vel á ofangreindu náttúrumínjasvæði og neikvæð áhrif munu verða á ásýnd svæðisins. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að sýna bílastæði á uppdrætti, einnig ætti að koma fram hver áætluð bílastæðaþörf er.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri